

Stjórnarfundur 31.5.2011

Fyrsti fundur nýrrar stjórnar

Mættir: Karen Jenný Heiðarsdóttir, Selma Guðmundsdóttir, Særún Sigurjónsdóttir, Sólveig B. Hlökkversdóttir, Anna María Bjarnadóttir og Brynhildur Grímsdóttir. Sigurður Grétarsson gat ekki mætt.

1. Fundur settur

Karen formaður setti fund kl 20:15

2. Verkaskipting

Anna María verður varaformaður,

Sólveig verður ritari,

Brynhildur verður gjaldkeri

Selma, Sigurður og Særún verða meðstjórnendur.

3. Bekkjarfulltrúar

Karen ætlar að senda póst á bekkjarfulltrúa og minna á að velja bekkjarfulltrúa fyrir næsta vetur. Sumir bekkir eru þegar búnir að velja nýja fulltrúa eða þá sömu áfram. Komin nöfn áhugasamra foreldra í verðandi 1. bekk til að starfa sem bekkjarfulltrúar.

4. Fundir næsta vetur

Karen lagði fram fundaáætlun fyrir næsta vetur

Stefna á að halda fundi í fyrstu viku hvers mánaðar.

Halda 2 fulltrúaráðsfundi, sá fyrri í október og seinni í febrúar. Halda bekkjarfulltrúanámskeið á fyrri fundi. Kjósa í nefndir á fyrri fulltrúaráðsfundi og vera þá tilbúin með starfsreglur fyrir nefndirnar.

Sigrún, skólastjóri hefur lýst áhuga á að koma oftari inn á stjórnarfundum, það myndi stuðla að betra samstarfi milli foreldrafélags og skólans. Stjórn sammála um að fá skólastjórnendur oftari inn á fundum næsta vetur, en stutt hverju sinni.

Fá skólastjórnendur á fyrsta stjórnarfundum og ræða þá m.a.

- Hátíðir vetrarins
- Nemendaráðið og virkni þess
- Öskudagur – aðkoma foreldra
- Aðkoma skólastjórnenda að fundum okkar
- Félagsmiðstöðin og tengsl foreldrafélagsins við hana

Hitta nemendaráð á sér fundum í haust og reyna að styðja þau til starfa.

Skoða með að framfylgja hugmynd sem kom upp á fulltrúaráðsfundi þ.e. að bekkjarfulltrúar og umsjónarkennarar á hverju stigi hittist á fundum.

5. Fjármál

Ákveðið að móta stefnu um hvernig skuli nota þann pening sem kemur inn í árgjöldum til foreldrafélagsins. T.d. hvort veita skuli styrki til ferðalaga árganganna s.s. Reykjaferðar eða 10. bekkjarferðar.

6. Fréttabréf foreldrafélagsins

Spurt hvar hægt sé að finna fréttabréfið. Upplýst að það er á heimasíðu foreldrafélagsins. Kvörtun barst til stjórnar um síðasta fréttabréf, að það hefði ekki verið nógu ítarlegt og lítið um nýjar fréttir.

Ákveðið að setja upp fréttabréfsnefnd sem sér um að gefa það út næsta vetur

7. Símaskrá

Karen leggur áherslu á að útbúin verði símaskrá fyrir alla. Það tók mjög langan tíma í vetur að útbúa aðstandendalista sem foreldrar gætu nýtt sér.

8. Nefndir næsta vetur

- Fréttabréfsnefnd
- Öryggisnefnd
- Laufabrauðsnefnd
- Öskudagsnefnd ?
- Páskabingónefnd
- Árshátíðarnefnd
- Vorhátíðarnefnd
- Röltnefnd

Setja í starfsreglur að nefndir skili inn upplýsingum til stjórnar eftir hvern fund sem þær halda til að fylgjast með hvað er að gerast í nefndum. Og skilað sé inn skýrslum strax eftir viðburðina sem haldnir eru.

9. Viðburðir næsta vetur

- Stefna á laufabrauð, síðustu helgi í nóvember þ.e. 26. nóvember
- Páskabingó 2 vikum fyrir páska þ.e. um 24 mars. Skiptar skoðanir um hvort er betra að hafa seinni part á virkum degi eða á laugardegi.

10. Tengiliðir við stigin

Sigurður og Anna María við yngsta stig

Selma og Særún verða tengiliðir við miðstig

Sólveig og Karen við elsta stig

11. Önnur mál

Tilmæli hafa komið um að símanúmer stjórnarfólks séu inni á heimasíðunni. Samþykkt að setja þau inn

Fundi slitið kl. 22.30

Sólveig B. Hlökkversdóttir
ritari stjórnar